

**Ed.**

**734. Nefndarálit**

[359. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frá því á haustdögum 1985, þegar fyrirtækið Hafskip, sem var einn af stærstu viðskiptaaðilum Útvegsbanka Íslands, varð gjaldþrota, hefur legið fyrir að rekstrargrundvöllur Útvegsbankans var brostinn og að leysa yrði vanda bankans með einhverjum hætti.

Sú lausn á þessum vanda, sem fram er sett í þessu síðbúna frumvarpi, ber þess öll merki að vera þrautalending í ósamkomulagi núverandi stjórnarflokka um leiðir í málinu og er með öllu óviðunandi.

Í fyrsta lagi hefði verið eðlilegast að snúast við vanda Útvegsbankans með því að sameina hann öðrum eða báðum hinna ríkisbankanna og nota jafnframt tækifærið til að einfalda og endurskipuleggja íslenska ríkisbankakerfið. Það er ekki gert.

Í öðru lagi er ljóst að hinn nýi hlutafélagsbanki mun standa höllum fæti viðskiptalega bæði innan lands og utan þar sem hann mun ekki njóta ríkisábyrgðar nema fyrstu tvö starfsár sín. Framtíð hans er því ótrygg og óviss.

Í þriðja lagi er ekki vitað með vissu hvort einkaaðilar hyggjast gerast hluthafar í bankanum og því óvíst hvort um hlutafélagsbanka getur orðið að ræða.

Í fjórða lagi er erlendum bönkum heimilað að eiga allt að 25% hlutfjár hins nýja banka án þess að í gildi séu lög hér á landi um erlenda fjárfestingu í íslensku viðskiptalífi.

Af þessum ástæðum telur 3. minni hl. frumvarpið óviðunandi og mælir því ekki með samþykkt þess.

Alþingi, 3. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.